


Nr.: GÁT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags: 6.6.2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>ÞÝS203</b>	<b>Námsáætlun Haustönn 2015</b>

<b>Kennari</b>	Theódóra Anna Torfadóttir	<b>Sk.st.</b>	TAT
----------------	---------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Framhald í þýsku. Nemendur hafa tileinkað sér grunnatriði og halda áfram að treysta undirstöður þýskukunnáttunnar. Fleiri sagnbeygingarmynstur kynnt til sögunnar, þekking á fallstjórn dýpkuð og öðrum tíðum bætt við. Nokkrar borgir í þýskumælandi löndum verða kynntar og fjallað um þær. Haldið verður áfram að byggja upp orðaforðann. Mikilvægustu atriðin úr þýsku 103 verða endurtekin. Nemendur styrkjast í að tjá sig og geti spjallað um sína hagi sem og daglegt líf daginn og veginn á þýsku. Nemendur eiga að vera færir um að þýða lesbókatekta án orðabókar og geta skrifað stíla sem taka á neðangreindum málfræðiatríðum.


**Markmið:** Eftir byrjendakennslu í þýs103 stefnir þessi áfangi að því að festa grunnkunnáttuna í tungumálinu og bæta nýjum undirstöðuatriðum við. Nemendur verða færir að skilja og tjá sig í nútíð og liðinni tíð og skilja grundvallarsamhengi í fallstjórn. Í vaxandi mæli fer kennsla fram á þýsku. Áframhaldandi áhersla á aukningu orðaforða, þýðinga og stíla. Hlustunarefni er gert hátt undir höfði sem og munnlegri tjáningu. Eftir þennan áfanga eiga nemendur að hafa náð tökum á ábendingarfornöfnum; öllum núþálegum sögnum, þátíð sagnanna "haben" og "sein"; beygingu sagna og föll forsetninga í nf, þf og þgf; núliðinni tíð; afturbeygðum sögnum; raðtölum; beygðum og óbeygðum lýsingarorðum í nf og þf sem og stigbreytingu lýsingarorða.

**Námsgögn:** Þýska fyrir þig I (lesbók, vinnubók, málfræði). Reykjavík: M&M, 2001  
Steinar Matthíasson (orðabók) Reykjavík: IÐNÚ, 2004  
**Felix & Theo: Oktoberfest** **Berlin: 1995**  
Ítarefni Þýs203 Akureyri: Skrifstofa VMA

### Námsmat og vægi námsþátta:

A <sup>1</sup>	<b>15% stöðupróf</b>	Tímaverkefni (án orðabókar): Þýðing, ritun og málnotkun
	10% hlustunarverkefni	Hlustað á þýskan texta og spurningum svarað skriflega
	10% munnleg tjáning	Tveir og tveir tala saman um fyrirfram valið efni
B <sup>2</sup>	10% Oktoberfest	Skriflegt próf úr skáldsögunni Oktoberfest
C	<b>55% skrifl. lokapróf</b>	á próftíma (án orðabókar): Þýðing í samræmi við orðaforða lesbókatekta; ritun í samræmi við ritunaræfingar í tímum/aukahefti; málnotkun sbr. markmiðslýsingu.

- Ath. engin sjúkrapróf eru í þessum námsmatsþáttum **nema í munnlegri tjáningu** (sjá áætlun). Missi nemandi af hinum þáttunum hækkar vægi lokaprófs sem því nemur.
- Sjúkrapróf í síðustu kennsluviku – ath. nem. verður að að framvísa vottorði annars verður einkunn í þessum námsmatsþætti að engu.

Nr.: GÁT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags: 6.6.2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>ÞÝS203</b>	<b>Námsáætlun Haustönn 2015</b>

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Dagsetning	Atburðir	Yfirferð	Námsmat
35	24.8.-28.8.		9. kafli	
36	31.8.-4.9.		9. kafli	
37	7.9.-11.9.		10. kafli	
38	14.9.-18.9.		10. kafli	
39	21.9.-25.9.		11. kafli	Munnleg tjáning
40	28.9.-2.10.		11. kafli	Stöðupróf/sjúkrapr. munnl. tjáning
41	5.10.-9.10.		11. kafli	
42	12.10.-16.10.		12. kafli	
43	19.10.-22.10.	Afmæli Helga magra 23.10.	12. kafli	
44	27.10.-29.10.	Afmæli Ketils flatnefs 26.10.	13. kafli	Hlustunarpróf
45	2.11.-6.11.		13. kafli	
46	9.11.-13.11.		Oktoberfest	
47	16.11.-20.11.		14. kafli	Próf úr „Oktoberfest“
48	23.11.-27.11.		14. kafli	
49	2.12.		---	Próftími hefst 3.12.

### - Birt með fyrirvara um breytingar -

**Ábending:** Síma- eða tölvunotkun, notkun I-pod eða sambærilegt er ekki heimil í áfanganum. Endurtekin brot á ákvæðum skólareglna og/eða mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

**Dagsetning: 19.9.2015**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils